

Langförull leitar heima

Avisaga Haralds Sigurðssonar eldfjallafræðings, Eldur niðri, sem kom út fyrir skemmstu, reynist vera margt í senn: trúverðug persónu- og þroskasaga, spennandi leiðangur um fjarlægjar slóðir við háskalegustu eldstöðvar heimsins og fróðlegt inngangsrít um þróunarsögu rannsókna í jarðfræði á nær hálfra aldar tíma.



Haraldur Sigurðsson.

Eldur niðri er í stóru broti, ríkulega myndskreytt, fallega umbrotin, ekki prentvillulaus. Í henni er nokkuð um endurtekn-ingar en það skyggir ekki á ánægju lesandans. Haraldur er skorinorður og víða hreinskiptinn, rekur að íslenskum sið sögu forfeðra sinna, segir ítarlega af bernskuhögum sínum og hvernig líf hans tók óvænta stefnu. Sá sem olli rýrnun í verslun kaupfélagsins þar sem Sigurður faðir hans var í nær tvo áratugi kaupfélagsstjóri, hefur ekki getað séð fyrir að hnuplið leiddi til þess að Haraldur fluttist suður með fjölskyldunni á tímamótum, sótti aðkomumaður félagsskap í skátahreyfinguna, fór á hennar vegum á alþjóðlegt skátamót og öðlaðist þar kjark til að fara vestur um haf sem skiptinemi. Þaðan lá svo leiðin í jarðfræði og framhaldsnám í Belfast. Það er merkilegt að þeir feðgar voru báðir andstæðingar hers á Íslandi, báðir unnu á Vellinum, Haraldur vann lengst af sinn feril vestanhafs.


Hann er í fleiri en einum skilningi á tímamótum ungur maður: Íslenskir jarðvísindamenn eru teknir að gera sig gildandi og taka við forræði erlendra manna í rannsóknum

á eldfjallaeynni. Haraldur dregur enga dul á að hann fórnaði ýmsu fyrir frama í vísindagrein sinni; fjölskyldu og nú, þegar hann er kominn heim aldraður, þekkja fáir til verka hans hér nema þeir sem innviðir eru í hans heim. Þó er hann líklega stærsta nafnið á alþjóða vettvangi í rannsóknum á jarðvísindum.

Bók hans verður, er á líður, miklu meira en æsandi persónuleg saga af fjarlægum stöðum, spennandi ævintýrum og einkahögum: Hér má lesa skrykkjótt í gegnum starfsvettvang Haraldar framþróun jarðvegsvísinda. Allt er þar tilgreint af áfergju og brennandi áhuga sögumannsins á efni sínu, smitandi áhuga.

Haraldur slær þannig margar flugur í einu höggi: Lesandinn stígur inn í heim sem gleypir, við skiljum ferilinn, framann og forvitnina, tökum í hönd sögumannsins og látum hann glöð leiða okkur áfram. Þrátt fyrir að Haraldur hafi marga hildi háð verður ævisagan aldrei grobbkennd eins og oft vill verða. Hann er djarfur til rannsókna, hefur sýnilega snemma náð tökum á ameríska styrkjakerfinu sem leiðir hann í margar deildir jarðar. Lýsingarnar eru spennandi, upp reis gamall andi drengjabókanna. Svo er hann ofan í kaupíð gæfumaður, vel kvæntur oft og eignaðist snemma tvær glæsiglegar og vel gerðar dætur.

Margar sögur af þessum toga skortir hinn fræðilega grunn sem okkur er hér gefinn og við tökum glöð við af einskærri forvitni. Hitt er enn sjaldgæfara að höfundur nái að draga saman niðurstöðu: Kominn heim á bernskuslóðir gefur Haraldur safn sitt af listaverkum og ritum til okkar allra og megnar síðan að reisa lítið safn í Hólminum þar sem hann hljóp um götur strákur. Og hann hneigist til að veita okkur hlutdeild í líffsýn sinni; víðsýni og góðvilji reynast sá eldur sem býr undir og hann leiðbeinir okkur um stórt og smátt undir það síðasta. Dæmið af honum verður þannin sönnun þess að menn rata heim og geta kennt okkur af meiri visku en þeir sem sátu heima.



★★★★★

Eldur niðri

Haraldur Sigurðsson

336 bls.

Eldfjallasafn í Stykkishólmi

2011

Þáll Baldvin Baldvinsson

pbb@frettatiminn.is